

Frá: Baldur Dýrfjörð <baldur@samorka.is>
Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 10:33
Efni: Aðalfundur Samorku 2022

Komið þið sæl

Aðalfundur Samorku verður haldinn **þriðjudaginn 15. mars n.k.**

Kjörnefnd gerir **tillögu til aðalfundar** um kjör til stjórnar Samorku í samræmi við 10. gr. laga samtakanna.

Kjörnefnd hefur óskað eftir því að aðildarfélögin séu látin vita að hún hefur hafið undirbúning fyrir komandi aðalfund og jafnframt að forsvarsfólk þeirra geti komið skilaboðum til hennar um áhuga á því að taka sæti í stjórn Samorku.

Slíkar upplýsingar nýtast þá nefndinni við að gera tillögu til aðalfundar um stjórn.

Upplýsingum hér að lútandi er hægt að koma til kjörnefndarfólks (sjá upplýsingar hér að neðan) og er óskað eftir að það verði fyrir 25. febrúar n.k.

Rétt er að minna á að kjörnefnd er bundin af ákvæðum laga Samorku um tiltekin atriði varðandi samsetningu stjórnar eins og nánar er lýst í **11. gr. laganna** (sjá hér að neðan)

Þá er rétt að minna á að þar sem stjórnarfólk er kosið til tveggja ára í senn er ekki verið að kjósa um öll sæti hverju sinni.

11. gr. (1. og 2. mgr.)

*Aðalfundur kys **sjö menn** í stjórn, formann sem kosinn skal sérstaklega, sex meðstjórnendur, sem kosnir skulu sameiginlega, og þrjá varamenn sem einnig skulu kosnir sameiginlega. Meðal stjórnar- og varamanna skal vera að minnsta kosti **einn frá hverju fagsviði** og allir úr hópi starfsmanna félaga.*

*Félög sem greiða yfir **15% af heildar árgjöldum til Samorku**, miðað við næstliðið starfsár, skulu hafa **rétt til að tilnefna einn stjórnarmannanna sjö**, auk sérstaks varamanns viðkomandi stjórnarmanns, sem komi ekki úr hópi fyrrnefndra þriggja varamanna. Séu báðir fulltrúar viðkomandi félags forfallaðir á stjórnarfundum á viðkomandi félag rétt á að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn, en varamaður með atkvæðisrétt komi úr hópi annarra varamanna í stjórn.*

*Ennfremur skal tryggja að a.m.k. **einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn komi úr hópi smærri veitufyrirtækja** sem greiða innan við 1% af heildar árgjöldum til Samorku. Ekki má kjósa fleiri en **tvo stjórnarmenn frá sömu fyrirtækjasmstæðu**. Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera tvö ár. Formaður skal að jafnaði ekki sitja lengur samfellt en fjögur ár og aldrei lengur en í sex ár.*

Kjörnefnd Samorku

- Arna Björg Rúnarsdóttir – HS Orka
- Elín Smáradóttir - OR
- Geir Arnar Marelsson - Landsvirkjun
- Hannibal Kjartansson – Flúða Veitur
- Ólafur Hilmarsson Sverrisson - Rarik

f.h. kjörnefnda
Baldur Dýrfjörð